



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og menningarmálaráðun.
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 18. febrúar 2021

2102036SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til breytinga á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, og lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (fagráð eineltismála), mál nr. S-35/2001.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 4. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, og lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (fagráð eineltismála). Fyrirhugaðri lagasetningu er ætlað að styrkja lagalega umgjörð fagráðs eineltismála á grunn- og framhaldsskólastigi svo hún verði í samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð er núna hjá ráðinu.

Afstaða sambandsins

Sambandið er fylgjandi því að styrkja lagalega umgjörð fagráðs eineltismála, skýra málsmeðferð og stjórnáslulega stöðu ráðsins sem og heimildir þess til vinnslu og miðlun persónuupplýsinga.

Að mati sambandsins þarf við mótun lagaumgjörðar að horfa til þess að styrkja það hlutverk fagráðsins er snýr að leiðbeiningum, upplýsingagjöf og ráðgjöf. Það hlutverk fagráðsins að gefa út ráðgefandi álit hefur að mati sambandsins vegið of þungt í starfsemi þess. Ráðgefandi álit kallar á formlegri málsmeðferð og því miður er það oft svo að þegar óskað er eftir slíku álit er viðkomandi mál komið á mjög slæman stað eða jafnvel formlega lokið. Þannig geta ráðgefandi álit fagráðsins orðið einskonar eftirá álit um úrlausn málsins frekar en að vera styðjandi við að leysa viðkomandi mál.

Með vísan til framangreinds leggur sambandið áherslu á að löggjöf verði útfærð með þeim hætti að aðal hlutverk ráðsins verði leiðbeiningar, upplýsingagjöf og ráðgjöf. Afar þýðingarmikið er að unnt sé að fá leiðbeiningar um rétt verklag og málsmeðferð á fyrri stigum þessara viðkvæmu mála þegar lausnir eru enn í auglýsingu. Til þess að það geti gengið eftir þarf að sjálfsögðu einnig að tryggja fagþekkingu hjá ráðinu og veita til þess nægilegu fjármagni svo að það geti sinnt þessu ráðgjafarhlutverki sínu betur.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs